

# Lög

## um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

---

### 1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögnum orðast svo:

Þrátt fyrir 24. gr. þessara laga er ríkissjóði heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum, sbr. ákvæði um greiðslubátttöku í eldri hafnalögum, nr. 23/1994, með síðari breytingum, til ársloka 2008. Þetta á við um framkvæmdir sem skilgreindar eru í siglingamálakafla samgönguáætlunar 2005–2008 og þær framkvæmdir sem koma inn í siglingamálakafla samgönguáætlunar 2007–2010 vegna endurskoðunar á áformum samgöngufirvalda um að hafnir skuli jafnsettar á aðlögunartíma nýrra hafnalaga.

Þrátt fyrir 26. gr. þessara laga er Hafnabótasjóði heimilt að veita styrk skv. 3. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 23/1994 fram til 1. janúar 2009.

### 2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 2. mars 2006.*